

Dýraþjónusta Reykjavíkur / Húsdýragarðurinn gerir eftirfarandi athugasemdir við drög um breytingu frumvarpi til laga um velferð dýra 55/2013.

Almennt um breytingarnar

Almennt séð virðist sem ráðist sé í breytingarnar út frá þeirri forsendu að Matvælastofnun (MAST) hafi ekki staðið sig í stykkinu hvað varðar dýravelferðarmál. Byggir það ekki hvað síst á mati ríkisendurskoðunar, enda skýrsla síðarnefndu stofnunarinnar um málaflokkinn nefnd sem grunnforsenda lagabreytinganna í greinargerð. Fyrirhugaðar breytingar virðast hins vegar margar einkennast af því að enn fleiri skyldur við eftirlit og úrvinnslu eigi að leggja á MAST, sem ekki hefur ráðið við verkefnið hingað til að mati ríkisendurskoðunar. Í þessu felst ákveðin mótsögn, nema ef ætlunin sé að stórauka fjárframlög í málaflokkinn, en slíkt hefur hvergi komið fram.

Athugasemdir / umsagnir um einstakar greinar:

7.grein (sjá einnig 31. gr. um dýragarða).

Húsdýragarðurinn og síðar Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR) hefur áratugum saman tekið á móti villtum dýrum í hremmingum bæði frá höfuðborginni og öllu landinu. Þetta hefur verið gert án endurgjalds. Það á einnig við þegar um er að ræða dýr úr stofnum á valista þar sem ábyrgðin liggur hjá ríkinu skv. 7. grein dýravelferðarlaganna. Þau dýr hafa oftast verið í garðinum í samráði við Dýralækni og/eða Náttúrufræðistofnun, oft í endurhæfingu til langs tíma og miklu kostað til í sumum tilfellum. Ljóst er að krafa um aukið flækjustig og leyfaumsýslu og þar af leiðandi vinnu starfsfólks borgarinnar, sem unnin hefur verið án endurgjalds fyrir ríkið, mun einfaldlega stöðva þessa starfsemi.

Þá er í 7. gr. laganna einnig lögð skylda á sveitarfélög að grípa til aðgerða hvað varðar hjálparskyldu skv. 1. gr. eins og verið hefur. Kalli slíkar aðgerðir hins vegar á að dýr sé fangað og haldið á meðan það jafnar sig (sem augljóslega er í takti við raunveruleikann og gerist iðulega) er lagt bann við því nema með leyfi MAST að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar. Telja má að slíkt aukið skrifræði auki verulega við vinnu sveitarfélaga á þessu sviði og dragi úr líkunum á að dýri sé komið til hjálpar.

Af þessum sökum er mikilvægt er að skilgreina orðið hald í lögnum. Ef villt eða hálfvillt dýr er handsamað á grunni hjálparskyldu er það þá í haldi? Í 1. málsg. er gerð krafa um umönnun dýrs sem eðli málsins skv. kallar oft á að lagt sé „hald“ á dýrið. Reynsla Dýraþjónustunnar er sú að algengt sé að almenningur hjálpi t.d. smáfuglum af ýmsum sökum og hafi þá í „haldi“ í stuttan tíma á meðan þeir jafna sig. Í ljósi þeirra krafna sem koma fram í breytingatillögum þessum hvað þetta atriði varðar, sér DÝR framá að beina í framtíðinni tilfellum sem slíkum frá almenningi sem og fyrirspurnum og leiðsögn tengdum þeim áfram til MAST.

Hér væri skynsamlegt að huga að tímalengd og skilgreina þá eftir hversu langan tíma dýr telst vera í „haldi“ í skilningi laganna. Mögulega er tilgangurinn að koma í veg fyrir að villt dýr séu haldin til lengri tíma án leyfis við óviðunandi aðstæður og þekkingu viðkomandi. Ef svo er raunin, er mikilvægt að skilgreina þennan þátt mun betur þannig að greinin snúist ekki upp í andhverfu sína og komi í veg fyrir að almenningur, félagasamtök eða aðrar stofnanir ríkis og sveitarfélaga sinni eðlilegri hjálparskyldu.

3. grein

Gerum ekki athugasemd við að Dýragarðar séu starfsleyfisskyld starfsemi, en þó þarf að skoða hvar

mörk liggja á milli starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits og MAST.

23. grein

Það er til bóta að skilgreint sé nánar hvenær megi sleppa villtu dýri aftur í náttúruna og opnað sé á að mögulegt sé að aðlaga dýr með þjálfun að því að eiga afturkvæmt þangað.

26. grein

sbr. aths. við 7. grein.

Það skortir á að orðið „hald“ sé skilgreint í lögnum. Þetta á einnig við hvað varðar 7. gr. Hvenær telst hald vera dýra“hald“. eru tímamörk á því. Að öðru leyti er þetta í samræmi við það sem tíðkast hefur.

28. grein.

Þessi grein gengur í raun skemur en fyrri grein og tiltekur ekki önnur lög sem uppfylla ber við meindýravarnir. Þá er orðalag greinarinnar er varðar útbúnað mjög opið og matskennt í eðli sínu og skilgreining takmörkuð. Þannig er t.d. óskýrt hvaða tæki og tól valda „óþörfum limlestingum og kvölum“.

31. grein (sjá einnig aths. við 7. grein)

Mikilvægt er að hafa í huga að jafnframt því sem dýragarðar séu skilgreindir og til þeirra gerðar kröfur þarf tryggja að þeir hafi jafnframt eðlilegt starfsumhverfi hvað varðar fjölbreytni í dýravali, innflutning ofl. Verið er að gera auknar kröfur á starfseminna en réttindin sem fylgja eru óljós og/eða takmörkuð. Í dag hafa dýragarðar í raun sömu réttindi og almenningur m.t.t. til innflutnings dýra og raunar heldur minni möguleika til innflutnings en gæludýraverslanir. Engin reglugerð hefur þá verið sett um starfsemi dýragarða eins og boðað var í lögnum 55/2013. Auknum kröfum til dýragarða í lögum verður að fylgja reglugerð sem skilgreinir sérstöðu þeirra umfram annað dýrahald, réttindi sem því fylgja sem og útlistaðar kröfur. Kröfur um aðbúnað í greininni eru þá mjög opnar fyrir túlkun og matskenndar og því óljóst hvernig aðbúnaður þarf að vera fyrir mismunandi dýrategundir. Þarna er aftur mikilvægt að reglugerð sé til staðar um aðbúnað fyrir ólíkar tegundir og að starfsskilyrði dýragarða verði almennt séð í samræmi við það sem gerist á hinum norðurlöndunum.

37. grein

Þetta er skynsamleg breyting og í samræmi við raunveruleikann. Mikilvægt er að MAST geti komið á formlegu samstarfi við aðrar stofnanir og samtök. DÝR hefur m.a. geymt dýr fyrir MAST og félagasamtök hafa verið í samstarfi við stofnunina við útvegum á tímabundnum fósturheimilum fyrir dýr.

F.h. Dýraþjónustu Reykjavíkur og Húsdýragarðsins
Þorkell Heiðarsson MSc. náttúrufræðingur
Deildarstjóri